



Ræða flutt 1. desember 1950

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Stúdentar – Háskóli – Danska ríki – Íslenzka ríki – Þjóðréttarskipti –
Fjarlægð – Vernd – Hlutleysi

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965
Askja 4-2, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rátt 1. des. 1950 - Mbl. 2 des. 1950.

Það er venja stúdenta að ganga ár hvert frá hinni glæsilegu háskólabyggingu til Alþingishússins og minnst hér þeirra atburða, er gerðust 1. desember 1918.

Á þessu fer vel.

Um fáar eða engar stofnanir hefur Alþingi látið sér annara en einmitt um háskólann. Það var Alþingi, sem réði stofnun háskólans og tók hann síðan svo á arma sína, að um meira en aldarfjórðungs skeið léði það honum húsnæði í of þröngu húsrúmi sjálfs sín.

Stúdentar mega gjarnan renna huganum til þessa á þeim degi, er þeir hafa öðrum fremur valið sér til hátíðar.

Þá hafa þeir ekki síður ástæðu til að hugleiða þá staðreynd, að Alþingi og ríkisstjórn létu háskólanum í té sérstakan tekjustofn, sem hefur gert mögulegt að byggja hin veglegu hús, er háskólinn hefur nú yfir að ráða. En því íhugunarverðara er þetta sem ýmsar æðstu stofnanir ríkisins sjálfs áttu þá og eiga enn við algjörlega ófullnægjandi húsakost að búa.

Þessi framkoma ríkisins við háskólann er að vísu ekki einstæð, því að þótt við fáa eða enga hafi verið gert betur en við háskólann, þá hefur stefna ríkisins ætíð verið sú að láta margháttaðar framkvæmdir, sem taldar hafa verið almenningi beinlínis til gagns, sitja í rúmi fyrir því að veita sjálfu ríkinu þann umbúnað, sem hæfir og þörf er á.

Er þetta mjög á annan veg hér á landi en í flestum öðrum löndum. Þar hefur hin æðsta stjórn víðast hvar setur í veglegum höllum, sumum æfagömlum, og annar umbúnaður ríkisins er eftir því. Þar hafa þarfir ríkisins sjálfs yfirleitt verið

láttnar ganga á undan öðru og hinu almenna uppbyggingarstarfi hefur ekki verið sinnt fyrr en eftir að þeim var fullnægt.

En því drep ég á þetta nú, að hinn mikilsverðasti atburður þeirra, sem gerðust 1. desember 1918, var einmitt sá, að þá var tilvist hins íslenska ríkis viðurkennd.

Þangað til var framkvæmdin sú, að Ísland var "óaðskiljanlegur hluti hins danska ríkis", svo sem sagði í stöðulögunum, er Íslendingar urðu að lúta, þótt þeir mótmæltu gildi þeirra.

Hið íslenska ríki, sem hlaut viðurkenningu 1. desember 1918, var að vísu fullvalda, en þó voru þau höft á, að algert sjálfstæði fékk það ekki fyrr en með lýðveldisstofnuninni 17. júní 1944.

En hvað felst þá í þessum árangri, sem náðist 1. desember 1918, þeim, að Ísland var þá viðurkennt sérstakt, fullvalda ríki?

Hvaða fyrirbæri eða stofnun mannlegs samfélags er það, sem kallað er ríki?

Á því hafa ýmsar skýringar verið gefnar. Í háskólanum hefur löngum verið kennt, að ríki sé þjóðfélag, sem ræður yfir ákveðnu landi með lögbundnu skipulagi og þeirri menningu, að önnur síðuð ríki geti haft þjóðréttarskipti við það.

Hvort sem menn viðurkenna þetta orðalag, sem hina einu réttu skýringu, eru allir sammála um, að valdið sé þungamiðja alls ríkjaskipulags, hvernig sem stjórn er annars fyrir komið.

Ríkið verður að hafa hið æðsta vald í öllum þeim málefnum þjóðfélagsins, er það lætur til sín taka. Án þess verður lögbundnu skipulagi ekki haldið uppi, án þess hefur enginn þau yfirráð í landinu, að með réttu verði talað um ríki.

Allt þangað til 1. desember 1918 töldu

Danir ríki sitt, danska ríkið, hafa rétt til þess að beita þessu æðsta valdi á Íslandi, ef í odda skarst, og í einu og öllu hafa rétt og skyldu til að koma fram fyrir Íslands hönd í skiftum þess við erlend ríki.

Þegar íslenska ríkið tók við þessu valdi öðlaðist það ekki aðeins rétt, heldur tók einnig á sig skyldur.

Gagnvart íslenzku þjóðinni er skyldan sú, að sjá um, að engum haldist uppi að beita ofbeldi við samborgara sína. Ríkisvaldið verður í senn að vera æðsta og öflugasta vald í landinu.

Hverjum einstökum Íslendingi, sem metur sjálfstæði þjóðar sinnar, ber þess vegna að sýna íslenska ríkinu fullkomna hlýðni. Enginn má meta meira boð neins aðila annars en íslenska ríkisins.

Ef einhverjir telja sér skyldara að sýna öðrum meiri hollustu en íslenska ríkinu og eru reiðubúnir til að beita ofbeldi, handaflí eða öðrum enn öflugri tækjum gegn löglegum ákvörðunum íslenzku þjóðarinnar, þá ráðast þeir gegn þeirri hugsjón, sem við hyllum í dag, hugsjóninni um íslenskt ríki. Þeir, sem svo fara að, berjast gegn því, sem var innihald sjálfstæðisbaráttunnar, fullvalda íslenzku ríki, sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar.

"Með lögum skal land byggja og með ólögum eyða". Íslenska ríkið verður að vera þessari kenningu trútt og megna að framfylgja henni. Annars fær það ekki staðist. Annars er stefnt í voða því sjálfstæði, sem kynslóðirnar hafa barizt fyrir og við loksins öðlast.

En íslenska ríkið hefur ekki aðeins þá skyldu að gæta friðar og öryggis þegnanna inn á við. Því ber eigi síður skylda til að gæta þessa

í skiftum við önnur ríki, að reyna að koma í veg fyrir, að ófriði sé herjað á landið eða öryggi þjóðarinnar sé stefnt í voða á annan veg.

Máttur Íslenzka ríkisins er ekki mikill, en því meiri vandi er okkur á höndum í þessu efni.

Menn getur greint á um, hvernig að eigi að fara um lausn þessa vanda. En úr því að við erum sjálfstætt, fullvalda ríki verðum við að leysa hann.

Áður fyrri hvíldi sú skylda á danska ríkinu að tryggja öryggi Íslands út á við. Þá var það auðvelt. Fjarlægð Íslands frá öðrum löndum og brezki flotinn veittu landinu þá vernd, sem dugði. Nú er þýðing fjarlægðarinnar að þessu leyti horfin. Ísland er í þess stað í alfaraleið. Og ástandið í stjórnmálum heimsins slíkt, að enginn getur verið óhultur.

Gegn þeirri staðreynd stoðar ekkert "hlutleysi", ekki að láta hendur fallast og þora ekki að taka ákvörðun. Þeir, sem svo fara að, afneita eðli sjálfstæðisins og bregðast hinu sígilda boðorði, að Guð hjálpar þeim, er hjálpa sér sjálfir.

Öryggi Íslands er því mál, sem hver einasti Íslendingur verður að láta til sín taka, mynda sér ákveðna skoðun um.

Menn geta að vísu valið þann kost að vera afskiftalausir, að vera "hlutlausir", eins og það er kallað. En menn verða þá að velja þann kost, vegna þess að þeir viti hvað í honum felst, vísu vitandi um allar afleiðingar hans.

Nú er að vísu deilt um afleiðingar hlutleysisins. En hver er sá, sem neitar, að það sé rétt, sem einn af áhrifaríkustu stjórnmálamönnum samtíðar okkar, Stalin markskáلكur, sagði í frægri raðu 10. marz 1939, að aðalástæðan til þess hve árásaröflunum í heiminum gekk þá vel, væri sú, hversu margar af hinum friðsömu þjóðum fylgdu

"hlutleysisstefnunni"?

Enginn skyldi halda, að þessi ummæli væri síður sönn nú en þá. Reynolds síðasta áratugsins hefur þvert á móti sýnt, að þau eru óumdeilanleg sannindi.

Munurinn er sá einn, og hann að vísu ekki þýðingarlitill, að það, sem flestir kalla árás, nefna aðrir frelsun.

Hér er hvorki staður né stund til þess að gera upp á milli þessara skoðana. Á hitt er skylt að benda, að nú gerast svo örlagaríkir atburðir í heimsmálum, að hverju mannsbarni má vera ljóst, að þeir geta haft útslitapýðingu fyrir Ísland. Ef einhver sá, sem í stjórnámálum vill hafa forystu, lætur sem hann skilji það ekki, er vissulega ástæða til að taka því með fullri tortryggni.

Það er einnig alveg öruggt, að íslenska þjóðin veit, hvað hér er í húfi. Hún hefur þegar kveðið upp sinn dóm. Hún vill ekki fljóta sofandi að feigðarósi.

Yfirgnæfandi meirihluti hennar hefur ákveðið, hverri stefnu skuli fylgt til að tryggja öryggi og frelsi íslensku þjóðarinnar. Hinu mun svo Guð og gæfan ráða, hvernig tekst að bjarga þjóðarfleyi okkar gegnum þá brimsjóa, sem nú skella á í alheimsstjórnmalunum.

Íslenska þjóðin er að vísu ekki stór, en hún og velgengni hennar er ofar öllu í hugum allra góðra Íslendinga. Enginn þjóðhollur maður má bregðast þeim ákvörðunum, sem teknar hafa verið í svo þýðingarmiklu máli, sem þessu, þangað til þær eru á löglegan hátt felldar úr gildi.

Íslenska ríkið er æðsta stofnun íslensku þjóðarinnar. Það hefur að vísu ekki þann sama glæsilega umbúnað og ríki hinna stærri völdugri þjóða. En þótt það hafi ekki reist sjálfu sér háreiðar hallir, þá hefur hvergi verið hlutfallslega meira

gert en hér til að efla menningu og allskonar framfarir, hvergi er minni munur á efnahag og aðstöðu allri en á Íslandi.

Ekkert ríki á því frekar rétt til hollustu allra þegna sinna en Íslenska ríkið. Við skulum vona, að það njóti hennar svo sem það á skilið og verði sjálft ætíð þeim vanda sínum vaxið, að efla heill og hamingju Íslensku þjóðarinnar.